

5.fundur sem jafnframt er fyrsti fundur nýrrar hreppsnefndar haldinn á skrifstofu Árneshrepps miðvikudaginn 8.júní kl. 14:00.

Mætt eru Úlfar Eyjólfsson Krossnesi, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði, Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1, Delphine Briois Finnbogastaðaskóla og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Kristjana M. Ásbjörnsdóttir ritar fundargerð.

Efni fundarins;

1. Kjör oddvita.
2. Kjör varaoddvita.
3. Þóknun fyrir fundarsetur og störf fyrir sveitarfélagið.
4. Erindi frá Sambandi ísl.sveitarfélaga, varðandi kosningu fulltrúa og varafulltrúa á þing sambandsins.
5. Samningur við Framkvæmdasjóð ferðamannastaða um endurbætur og öryggi við Norðurfjarðarhöfn.
6. Eldvarnarmál, ræða kaup á dælu og kerru, slökkvibíl og nýjum slökkvitækjum.

1. Kjör oddvita. Kosning fór þannig að Eva Sigurbjörnsdóttir fékk 3 atkvæði, Arinbjörn Bernharðsson fékk 1 og 1 atkvæði var autt.
2. Kjör varaoddvita. Kosning fór þannig að Arinbjörn Bernharðsson fékk 3 atkvæði og Bjarnheiður J. Fossdal fékk 2 atkvæði.
3. Þóknun fyrir fundarsetur og störf fyrir sveitarfélagið. Oddviti stingur upp á að hækka þóknun v. fundarsetu úr 10 þúsund í 15 þúsund fyrir hvern setinn fund.
4. Erindi frá Sambandi ísl.sveitarfélaga, varðandi kosningu fulltrúa og varafulltrúa á þing sambandsins. Ákveðið að oddviti verði aðalfulltrúi og varaoddviti verði varafulltrúi og fari kannski líka ef það gengur upp.
5. Samningur við Framkvæmdasjóð ferðamannastaða um endurbætur og öryggi við Norðurfjarðarhöfn. Samningi verður skilað inn fyrir 10. júní og Arinbjörn fellst á að stýra verkefninu. Heimamenn verða fengnir til að vera með í verkefnum ef hægt er.

1. Eldvarnarmál, ræða kaup á dælu og kerru, slökkvibíl og nýjum slökkvitækjum. Búið er að yfirfara öll slökkvitæki hreppsins og endurnýja þarf nokkur sem voru orðin ónothæf. Rætt um hvar er hægt að fá gott verð á slökkvitæki. Delphine er búin að skoða mjög mikið verð og fleira og mun halda áfram að skoða þetta með aðstoð Úlfars, því hann hefur reynslu í þessu. Delphine bætti við að það þyrfti að kaupa reykskynjara því þeir væru orðnir 10 ára gamlir og lélegir.

Varðandi kerruna var ákveðið að skoða verð og fá tilboð en reyna að klára þetta í sumar.

V. slökkvibíls í Djúpvík var rætt hvort slökkvikerra kæmi kannski frekar til greina.

Arinbjörn leggur til að það sé skoðað hversu mikið það kostar að tryggja slökkvibíl, bifreiðargjöld og svo framvegis. Sjá hvað það kostar og fá tilboð og einnig að ráðfæra sig við Finn sem er oddviti Kaldrananeshrepps um þessi mál.

Aukamál á dagskrá:

- a) Fjórðungsping Vestfjarða. Oddvita var falið það að mæta þar.
- b) Arinbjörn minnst á bréf sem oddviti átti að skrifa en hefur ekki verið gert. Ítrekað að bréfið verði skrifað.
- c) Delphine sýnir myndir af gluggum í skólanum og að þeir séu farnir að leka og flagna.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 15:45